

**Mál nr. 144/2011****M****og****Vátryggingafélagið X v/réttaraðstoðartryggingar****Ágreiningur um greiðsluskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 05.03. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.04. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur aðila snýst í stuttu máli um viðurkenningu á bótaskyldu úr nefndri vátryggingu þar sem móðir M er vátryggingartaki. M varð fyrir umferðarslysi í október 2005 og hefur krafið vátryggingafélag um bætur vegna þess en félagið hefur hafnað greiðsluskyldu. Hyggur M á málsókn á hendur umræddu vátryggingafélagi vegna þessa. Hann óskar því viðurkenningar á greiðsluskyldu úr málskostnaðartryggingu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til ákvæðis skilmála þar sem fram kemur að vátryggingin bætir ekki málskostnað er varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis ....”

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Hér er um undanskilda áhættu að ræða samkvæmt vátryggingarskilmálum, líkt og vátryggingafélagið vísar til.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. maí 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.